

Nokkur orð til íhugunar

I.

Svo þýðingarmikið virðist geta orðið fyrir íslenska fram tíð, að vel greiðist og fljótt úr þeim stjórnmálavanda, sem nú er, og svo sjerstakar, eru ástæður, að jafnvel maður sem lítið vit hefir á stjórnmálum, og ekkert við þau fengist, finnur sig knúðan til að leggja eitthvað til málanna, og þá vitanlega frá nokkuð öðru sjónarmiði en stjórnmálamannsins. En það sem óhætt er að segja, og ef til vill gæti orðið til nokkurs gagns að hugleiða, er þetta: Aldrei hefir, í allri sögu Íslands, meira á því riðið en nú, að menn ilskist ekki meira yfir málunum, en komist verður af með minst. Kemur hjer til greina, það sem ýmsir hinir fremstu vísindamenn eru nú farnir að halda fram, að sögu alls mannkyns, eru nú úrslitatímar meiri en áður hafa verið, og því alveg sjerstök ástæða til að hafa fullan hug á því, að rasa ekki fyrir ráð fram. Því að jafnvel hjer hjá oss er, ef ekki er öll gætni viðhöfð, mikil hætta á því, að illindi mundu komast á það stig, að meiðingar og manndráp gætu af hlotist. Væri þá þá skaði orðinn, sem ekki yrði bættur. Því að manndráp eru það sem ekki má eiga sjerstök.

II.

Íslenska þjóðin fer mikils á mis, ef ekki tekst að beina framvindunni í rjett horf. Því að þótt þjóð sje smá, þá getur hún átt mikla og glæsilega framtíð í vændum. Til þess að skilja þetta, nægir að meta rjett fortíð íslensku þjóðarinnar. Þýðing þessarar litlu þjóðar, fyrir Norðurlöndin hin — og raunar fleiri — hefir verið svo mikil, að furðu gegnir, og mjög ætti að geta greitt fyrir skilningi á því, að enn mætti mikils af þessari þjóð vænta. Því að Íslendingar nútímans eru að langmestu leyti afkomendur þess fólks, sem þrátt fyrir alt sem að því má finna, lifði hjer svo merkilegu lífi, aður en ýms ill áhrif — jeg læt nægja að nefna hjer aðeins veðurfarsbreytinguna til hins verra — drógu úr þroska þjóðarinnar. En þrátt fyrir það, má margt segja nú þegar, af Íslendingum, bæði hjer heima og vestanhafs, sem sýnir ótvíræðlega, að fólkið er ekki úrkynjað, og síst svo, að ekki geti verið viðreisnar von, og framyfir það. Nægir þar að nefna t. d. framkomu íslenskra íþróttamanna erlendis á þessu sumri, sem nú er að verða lokið. Og er þó óhætt að segja það fyrir, að þú betur mun vegna, þegar Íslendingar hafa betur lært það sem læra má af Forn-

Óttáttum í þeim efnum. Því
Grikkir leyfðu t.d. ekki, að
nokkur keppti í Olympísku
leikunum frægu, ef hann
hafi ekki æft sig í heilan
mánuð á leikvanginum þar
sem keppnin átti að fara fram.
Jeg hef þetta eftir sjálf-

um Þúkýdides, sem talinn er
allra sagnfræðinga áreiðan-
legastur. —

En þó að jeg hafi látið
nægja að nefna íþróttirnar,
af því að það er auðskildast,
og verður síst í efa dregið, þá
er þó víst, að sýna mætti
fram á sterkar líkur til þess
að íslenska þjóðin gæti ekki
síður í andlegum efnum, unn-
ið það, sem skaði mundi vera,
jafnvel fyrir allt mannkyn, að
óunnið væri, og því sjálfsagt
fyrir stærri þjóðir að rjetta
hjálparrhönd, eða víkjast vel
við, ef af einhverjum ástæð-
um kreppti svo að íslensku
þjóðinni, að til vandræða
horfði.

Jeg mundi ekki vera að
skrifa þetta sem hjer er, ef jeg
teldi ekki nokkra von til þess,
að það gæti þó heldur, ef vel
er íhugað, miðað til að efla
þann áhuga á samtökum, sem
svo nauðsynlegur er, ef takast
á að ráða fram úr þeim vand-
ræðum, sem nú horfir til.

16. okt.

Helgi Pjeturss.